

Fundarstjóri, ágætu verktakar og áhugafólk um mannvirkjagerð – verið hjartanlega velkomin á Útboðsþing.

Svo vill til að þetta er mitt fyrsta útboðsþing, ólíkt flestum öðrum í salnum. Það hefur því verið afar áhugavert fyrir mig að blaða í gögnum frá fyrri þingum. Fyrir nokkrum árum voru hér kynntar framkvæmdir fyrir hundrað milljarða. Svo verður hreint ekki nú, eins og allir vita.

Árleg velta greinarinnar var um 270 milljarðar á árunum 2007 og 2008.

Þegar mest var störfuðu 17.500 manns í mannvirkjagerð. Tíundi hver starfandi maður í landinu hafði afkomu af greininni. Eins og við vitum var þetta ekki sjálfbært ástand, og viðlíka tími kemur ekki aftur.

Enda er enginn að biðja um það. Langtíma meðaltal langt aftur í tímann sveiflast milli 9 og 11 þúsund starfa í greininni. Ætla má að það sé eðlilegt og nauðsynlegt umfang, hið minnsta. Það er að segja ef við viljum að samfélagið sé samkeppnishæft, með trausta innviði sem haldið er við og þeir uppfærðir, að við búum þjóðinni líf skjör og aðbúnað sem eru hagstæð, en raunhæf.

Nú starfa um 7.000 í þessum geira og hafa fæstir þeirra nóg að gera. Til lengdar þýðir einfaldlega að innviðirnir halda ekki í við framrás tímans.

Margir hafa misst atvinnuna með þeim mannlega harmleik sem því getur fylgt. Þar við bætist það tjón samfélagsins, þegar þekking og kunnátta fer forgörðum og hverfur úr landi, jafnvel varanlega. Það tekur mjög langan tíma að endurheimta það sem áður hafði verið byggt upp í þekkingu og búnaði, sem í mörgum tilfellum hefur verið seldur úr landi, oft fyrir lítið fé.

Á dögunum birtist frétt um sölu Björgunar á sandi, byggðar á mælingum Faxaflóahafna. Sandur er eins og allir vita nauðsynlegt hráefni til mannvirkjagerðar og því ætti umfang þessar viðskipta að gefa afar góða


vísbendingu á vöxt og viðgang mannvirkjagreina. Raunar er sama hvaða annað hráefni er skoðað, svo sem sement eða malbik, allt ber að sama brunni.

Kreppan birtist í dælingu

Gífurlegur samdráttur hjá Björgun

Kreppan birtist í mörgum myndum og ein þeirra er magnið af steinefnum sem Björgun ehf. dælir á land á hverju ári, segir á vef Faxaflóahafna.

Á árinu 2006 landaði Björgun ehf. hjá Faxaflóahöfnum samtals 1,4 milljónum tonna af steinefnum, mól og sandi, sem skip félagsins dældu upp af hafsbotni í Faxaflóa. Árið 2007 var magnið 1,3 milljónir tonna en á árinu 2008 fór magnið niður í 950 þúsund tonn. 2009 var magnið af dældum steinefnum 360 þúsund tonn og á nýliðnu ári var talan komin niður í 200 þúsund tonn og því var freistandi að álykta að botninum væri náð. "Ekki alveg" er haft eftir Gunnlaugi Kristjánssyni hjá Björgun ehf., "því magnið í janúar í ár var minna en á sama tíma í fyrra".



Dæld steinefni eru notuð í steypu, uppfyllingar og einnig notað með malbiki og ýmsar vörur svo sem hellur og þess háttar fyrir garða.

Unnið upp úr frétt í Morgunblaðinu þann 23 febrúar 2011 bls 7.

Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum klifað á mikilvægi og eðli mannvirkjagreinarinnar og að ekki megi láta hana sveiflast svona mikilla öfga á milli, vegna þess langtíma skaða sem þá verður. Ekki bara fyrir greinina sjálfa, þótt það ætti nú samt að vera ástæða í sjálfu sér. Heldur fyrir allt samfélagið. Greinin verður í það minnsta að geta tórað í gegnum

kreppuna, svo hún geri sitt gagn að kreppu lokinni. Það má ekki gerast að hún verði horfin á stig framkvæmlegrar steinaldargetu, þegar hagkerfið tekur við sér á ný. Greinin verður að geta risið á eðlilegt stig á ný, þannig má viðhalda innviðum hagkerfisins með praktískum hætti til langs tíma.

Góðir gestir.

Endurreisnin verður einungis möguleg þegar fjárfestingar hefjast á nýjan leik. Þetta þekkja allir hér í salnum. Það var áhugavert að heyra forsætisráðherra ræða um það á Alþingi í vikunni að fjárfestingar væru of litlar á Íslandi og þyrftu að aukast. Gott er að vita að hún áttar sig á þessu. Enn betra hefði verið ef sú uppgötvun hefði komið fyrr, helst tveimur árum fyrr.

Á þessum tveimur árum hefur Ísland verið rakið svæði fyrir fjárfestingar, vegna lágs raungengis, mikils atvinnuleysis og rúms slaka almennt í hagkerfinu. Því miður hafa þessi tvö ár tapast í aðgerðaleysi, hvort sem er í vegaframkvæmdum, í fjárfestingum kringum fiskvinnslu og útgerð, í orkutengdum iðnaði. Jafnvel hugverkaiðnaður, sem þó er sá sprækasti hérlandis um þessar mundir, á af ýmsum ástæðum erfitt með að finna fólk við hæfi og fjármagn við hæfi. Á sama tíma liggur fé hér í bankakerfinu og rykfellur, og á sama tíma er fólk heima án vinnu.

En betra er seint en aldrei, gott að skilningur á fjárfestingaskortinum hefur ratað í þangað sem ákvörðunum er stýrt. Og þá þarf að hefjast handa nú þegar, ákvörðun um fjárfestingu í dag verður ekki að hagvexti fyrr en að löngum tíma liðnum.

Stjórnvöld á hverjum tíma, hver sem þau eru, hafa enga ofurgetu til að jafna út sveiflur eða greiða úr öllum flækjum. Það ætlast enginn til þess. Hið lýðræðislega og stofnanalega ferli sem fram fer hjá hinu opinbera, hvort sem það er ríki eða sveitarfélög, hefur einfaldlega sinn tíma og sitt eðli. Afar

ólíklegt er að hinn opinbera dingull, sem sveiflast á sínum forsendum, hitti alltaf hárrétt á hagsveifluna, til að jafna hana sem mest út. En gott væri nú samt ef stjórnvöld mundu að minnsta kosti ekki verka til slíkrar sveifluaukningar, sem við höfum orðið vitni að undanfarin ár.

Hér fyrir hrun var fjárfest af hálfu hins opinbera af miklum krafti, einmitt þegar komnir voru upp flöskuhálsar í hinu almenna hagkerfi. En núna eftir hrun hefur að miklu leyti verið skellt í lás í opinberum framkvæmdum, og þar að auki með reglum, retórík, höftum og töfum sem halda einkamarkaðinum niðri.

Við getum líka einfaldað þetta og litið algerlega framhjá því að hið opinbera hafi nokkurt hlutverk í hagstjórn. Förum stundarkorn ekki einu sinni fram á, að hinu opinbera beri að magna ekki sveiflur, eins og við höfum einmitt upplifað.

Samt sem áður er hið opinbera verkkaupi til langs tíma. Slíkur langtíma verkkaupi er auðvitað í mun betri samningsaðstöðu til að semja um verk fyrir sig á lágum verðum, þegar verktakar sitja aðgerðalitlir, fremur en þegar þeir hafa ekki undan. Einungis sem skattgreiðandi fer maður því fram á, að hinn opinberi verkkaupi tímasetji sig sæmilega skynsamlega.

Viðbrögð nágrannalanda okkar við kreppunni eru lærdómsrík. Þar hefur opinberum fjárfestingum einmitt verið beint inn í þetta tómarúm, og tækifærið gripið til hagkvæmra samgöngubóta, sjúkrahúsbygginga og fleira. Eftir fremsta megni er þar reynt að beina opinberum fjárfestingum ofan í hagræna lægð, en á móti var dregið úr fjárfestingum á uppgangstímum. Enda tóku hagkerfi annarra Norðurlanda nokkuð vel við sér á árinu 2010, en á meðan hélt samdrátturinn hélt áfram hér heima.

En þessi sífellda bið hér heima er vissulega ekki bara stjórnvöldum að kenna. Við höfum beðið eftir að fyrirtæki gætu farið í fjárhagslega endurskipulagningu í bankakerfinu. Það hefur verið beðið, og er að hluta enn beðið, eftir niðurstöðu í fjölmörgum dómum vegna erlendra lána. Og svo framvegis. Ennfremur eru verkefni stjórnvalda almennt afar erfið eftir hrun, víða þarf að skera niður og ekki að furða að í hvíni.

En hin heimatilbúna bið er sú sem er grætilegust. Nú bíðum við eftir að framkvæmdir fyrir utan ríkisreiknings hefjist. En þetta er deja vou! Hví í ósköpunum erum við núna ári seinna enn að bíða eftir nánast sömu atriðunum og fulltrúar útboðspings biðu eftir fyrir ári? Eini munurinn er að heilsufarið á biðstofunni er orðið verulega tvísýnt.

Góðir gestir.

Sem betur fer erum við komin með lækni hingað á bráðavaktina – og talar hann hér eftir mér. Eins eru margir aðrir lærðir ræðumenn hér í dag – sem vonandi geta gefið örlítil fyrirheit um bata.

Útboðsþing er sett.